



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 4.1. 2001

Hönnun og ráðgjöf ehf  
b.t. Ari Benediktsson  
Austurvegi 20  
730 Reyðarafirði

## Tvöföldun Reykjanesbrautar

Veiðimálastofnun var beðin um álit sitt á áhrifum af tvöföldun Reykjanesbraut á tjarnir við Fögruvík, en áður hafa tjarnir við Kúagerði verið skoðaðar. Tjarnirnar voru skoðaðar nú nýverið. Um er að ræða 2 tjarnir sem eru smáar og grunnar. Önnur tjörnin er mjög nærri sjó og skilur sjávarkambur hana frá sjónum. Sjávarfalla gætir talsvert í þeirri tjörn og þar er selta hærrí en í hinni (sjá töflu). Hin tjörnin er minni og er fjær sjó og gætir þar mun minni sjávarfalla en þó eru þar seltuáhrif (sjá töflu). Sú tjörnin lendir alveg í veglínu fyrirhugaðs vegar, en flái vegarins nær til hinnar. Tjörnin fjær sjó hefur orði fyrir röskun við gerð núverandi vegar. Báðar tjarnirnar hafa að geyma ferskvatn, en þó gætir seltuáhrifa í þeim, meira nær sjónum, sem fellur að einhverju leyti í gegnum gljúpt hraunið. Marfló var að finna í báðum tjörnunum líklega tegundina, *Gammarus duabeni*, sem er sú tegund sem þrífst í lítilli seltu og er að finna í seltulitlu umhverfi t.d. í tjörnum í Hvassahrauni (Agnar Ingólfsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, munnlegar upplýsingar).

Tjarnir, sem þessar og með breytilegri seltubúskap er að finna víðar á þessum slóðum t.d. í Hvassahrauni og svo í kringum Straumsvík. Ekki er að sjá að verulegt tjón verði af vegalagningu vegna þessara tjarna. Önnur tjörnin hverfur það er sú sem fjær er sjó var raskað við gerð núverandi vegar og er mjög lítil. Neðri tjörninni nær sjónum verður raskað að hluta vegna fláa á vegöxl, en ætti að öðru leyti að halda gildi sínu.

Virðingarfyllt

Sigurður Guðjónsson

Selta og hiti í tjörnum við Fögruvík

Tjörn við sjóinn

	Leiðni mS	Selta ppt	Hiti °C
Næst sjó	4.69	4,80	1.9
Fjær sjó	4.18	3.90	0.7

Tjörn fjær sjó

	3.27	2.50	1.0
--	------	------	-----